

**Ed.**

### **361. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 73 4. júlí 1942, um Brunabótafélag Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

#### 1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna bætist:

Heimilt er félaginu og váttryggjendum skylt að breyta árlega váttryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar, miðað við 1939.

Hagstofan reiknar byggingarvísitöluna fyrir kaupstaði og kaupsbýum, en teiknistofa landbúnaðarins fyrir sveitir. Vísitölur hvers árs skulu tilbúnar og auglýstar fyrir janúarlok ár hvert.

Eftir hinni auglýstu vísitölu undanfarins vísitöluárs skal teljast váttryggingarupphæð næstkomandi váttryggingarárs, þó þannig, að váttryggingarupphæðin miðist við heil hundruð króna.

Þegar ætla má, að komin sé stöðvun á húsbýggingarkostnað, er félaginu heimilt að láta fram fara endurvirðingu á öllum fasteignum, sem váttryggðar eru hjá félaginu.

#### 2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Félagið leitar endurtryggingar eða samtrygginga hjá öðrum váttryggingafélögum, fyrst og fremst innlendum, þannig að það hafi ekki í eigin áhættu einstakar áhættueiningar, er nemi hærri upphæðum en  $\frac{1}{5}\%$  af heildaráhættu þeirri, sem félagið ber, þó ekki yfir 5% af eignum þess. Nánar má ákveða um þetta í reglugerð, ef þurfa þykir. Að öðru leyti er það á valdi félagsins í samráði við hlutaðeigandi ráðherra að ákveða, hvað og hvar það endurbyggir eða sambyggir.

Áhættueining telst vera einstakt hús eða fleiri en eitt hús, ef um sambruna-hættu er að ræða, hvort tveggja að meðtöldu lausafé, sem váttryggt kann að vera í húsunum.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.